

Ársskýrsla stjórnar CCU samtakanna - Starfsárið 2024

Stjórnarfundir voru 11 talsins og messenger mikið notaður milli funda. Um áramót voru 685 félagar í samtökunum, 792 í lokaða umræðuhópnum og ca.1900 fylgdu okkur á fésbókinni. Ungliðahópurinn er enn óvirkur.

7. febrúar 2024. Fyrri formannafundur ÖBÍ. Rannveig Pálsdóttir prófessor í fötlunarfræðum fjallaði um málnotkun orðanna: “Fatlað fólk eða fólk með fötlun” og Margrét Steinarsdóttir fór yfir hvað lögfesting samnings sameinuðupjóðanna um réttindi fatlaðs fólks felur í sér.

8. febrúar 2024. Aðalfundur í sal Vistor og líka “live” í lokaða umræðuhópnum. Allir starfandi gáfu kost á sér áfram og voru endurkjörnir. Edda Svavarsdóttir formaður, Elísabet Sverrisdóttir varaformaður, Hulda Björg Þórðardóttir gjaldkeri, Sóley Veturliðadóttir ritari og María Olsen meðstjórnandi. Varamenn: Hrefna B. Jóhannsdóttir og Sigurborg Sturludóttir, skoðunarmenn reikninga Emil B. Hallgrímsson og Hrönn Petersen. Umsjónarmaður vefsíðu er Svavar Kjarrval og félagsgjöld voru ákveðin óbreytt kr. 2.000. Eftir fundinn var boðið upp á veitingar frá Pure Deli og spjall.

11. apríl 2024. Fræðslufundur í sal Vistor. Hrafnhildur Jóhannesdóttir frá KVAN var fyrirlesari og tók fyrir SMART markmiðasetningu, jákvæða styrkleikanálgun og fleiri gagnlegar aðferðir við að setja okkur skýr markmið og ná þeim.

3.-19. maí 2024. Vitundarvakningarátak á Fésbókinni frá 1. til 19. maí undir slagorðinu “IBD virðir engin landamæri”. Við höfum vitundarvakninguna einnig á því að vera með viðburð í Smáralind og gáfum 650 fjólubláa poka með klósettpappírurllu, ilmspreyi, litlum kúk og upplýsingablaði um sjúkdómna. Frú Elíza Reid tók á móti fyrsta pokanum.

8. júní 2024. Aðalfundur EFCCA var haldinn í Brussel og mætti Edda á fundinn.

24. ágúst 2024. Sex hlauparar í öllum vegalengdum sem boðið var upp á, tóku þátt í Reykjavíkummaráþoninu fyrir CCU og söfnuðu alls 122.000- kr. Kærar þakkir fyrir stuðninginn !

10. september 2024. Seinni formannafundur ÖBÍ. Fjallað var um samstarf við félagasamtök í þróunarvinnu, ráðgjöf og réttindagæslu fyrir fólk af erlendum uppruna og aukin atvinnutækifæri fyrir fólk með mismikla starfsgetu.

17. september 2024. Sameiginlegur fræðslufundur með Stómasamtökunum í Skógarhlíðinni. Eva Gunnarsdóttir sagði frá sinni reynslusögu en hún greindist með ristilkrabbamein rétt um fertugt.

20.-22. september 2024. Norðurlandafundur í Stokkhólmi. Hulda og Sóley mættu á fundinn og er mjög ánægjulegt að hann sé aftur kominn á dagskrá.

5.-6. október 2024. Aðalfundur ÖBÍ á Grand hótél Natura Reykjavík. Elísabet, Edda og Hulda sátu fundinn sem gekk mjög vel.

12. október 2024. EFCCA var með fyrirlestur á UEG week í Vínarborg. Edda mætti á fundinn og nýtti lausan tíma til að sækja nokkra nokkra fyrirlestra á meltingarvikunni.

14. nóvember 2024. Fræðslufundur í sal Vistor. Elínborg Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur á gigtardeild LSH var með mjög góðan og fróðlegan fyrirlestur um gigt, gigtareinkenni og meðferðir.

Edda sat sitt fyrra ár sem fulltrúi í kjörnefnd ÖBÍ og hún mætti einnig á námsstefnufund ÖBÍ um hlutverk stjórnar og skyldur og ábyrgð stjórnarmanna í félagasamtökum.

Stjórn CCU.